



**Leiðbeinandi tilmæli
nr. 1/2009**

**Leiðbeinandi tilmæli
um skýrslur tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga til
Fjármálaeftirlitsins**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

2. apríl 2009

Efnisyfirlit

I.	Inngangur	3
II.	Hlutverk tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga	4
III.	Meginatriði varðandi skýrslu tryggingastærðfræðings líftryggingafélags.....	4
IV.	Greinaskipting.....	4
V.	Upplýsingar um einstakar greinar	5
VI.	Ágóðaúthlutun og afslættir	5
VII.	Brottfall.....	5
VIII.	Endurkaupsverð	5
IX.	Sölu kostnaður	5
X.	Breytingar á iðgjaldagrunni	5
	Sérstakar upplýsingar vegna líftrygginga.....	6
XI.	Iðgjaldagrunnur dánaráhættulíftrygginga	6
XII.	Samanburður á raunverulegri þróun dauðsfalla við dánarlíkur félagsins	6
	Sérstakar upplýsingar vegna heilsutrygginga.....	6
XIII.	Iðgjaldagrunnur.....	6
XIV.	Samanburður á raunverulegri þróun fjölda útgreiðslna við sjúkdómslíkur félagsins	6
XV.	Gildistaka	6

Ekki í gildi

I. Inngangur

Í 55. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu m.a. falið að hafa eftirlit með iðgjaldagrundvelli váttrygginga með það fyrir augum að iðgjöld, sem í boði eru hér á landi, séu sanngjörn í garð váttryggingartaka og í samræmi við þá áhættu sem í váttryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað.

Sérstakt ákvæði sömu greinar um líf- og heilsutryggingar felur í sér að fullnægjandi gögn um reiknigrundvöll líftrygginga og heilsutrygginga, svo og breytingar á þeim, skulu lögð fyrir Fjármálaeftirlitið fyrir fram og áður en þessir greinaflokkar eru boðnir á váttryggingamarkaði.

Áðurnefndar upplýsingar um reiknigrundvöll eru sendar Fjármálaeftirlitinu við breytingar eða þegar nýjar váttryggingagreinar eru boðnar á markaði.

Auk þessara upplýsinga gegna árlegar skýrslur tryggingastærðfræðinga til Fjármálaeftirlitsins mikilvægu hlutverki í eftirliti með líftryggingafélögum. Bréf Váttryggingaeftirlitsins frá 3. febrúar 1998 til tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga kveður á um hvaða upplýsingar eiga að koma fram í skýrslu þeirra.

Þann 16. apríl 2007 birtist á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins niðurstaða úttektar á reiknigrundvelli líftrygginga. Ekki voru gerðar athugasemdir við reiknigrundvöllinn en Fjármálaeftirlitið beindi til líftryggingafélaganna nokkrum atriðum sem taka þyrfti til nánari skoðunar:

- Líftryggingafélög skulu leitast við að breyta iðgjaldaskrá eina fljótt og hægt er eftir að nýjar forsendur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið samþykktar og gefnar út.
- Tryggingastærðfræðingar félaganna skulu árlega gera grein fyrir samanburði á raunverulegri þróun dauðsfalla í líftryggingastofni við forsendur félagsins um dánarlíkur.
- Kjósi líftryggingafélag að úthluta ágóðahlutdeild (bónus) í kjölfar breytinga á forsendum fremur en að lækka iðgjöldin skulu reglur um slíkt vera skýrar og gegnsæjar. Árlega skal tryggingastærðfræðingur gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hvernig reglum um ágóðaúthlutun hefur verið beitt. Gæta skal þess að slík ágóðahlutdeild sé aðgreind frá afsláttarkjörum sem viðskiptavinum bjóðast.
- Líftryggingafélög skulu árlega gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hvernig þau hyggjast takmarka brottfall samninga og skal tryggingastærðfræðingur leggja mat á raunhæft markmið um eðlilegt brottfallshlutfall, hafi því ekki verið náð, og hvaða áhrif brottfallið hefur á mat iðgjalda.
- Tryggingastærðfræðingar félaganna skulu árlega gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir samanburði á forsendum um sölukostnað í iðgjaldagrundvelli við raunverulegan sölukostnað.

Í úttektinni kom jafnframt fram að í kjölfar þessara ábendinga myndi Fjármálaeftirlitið gefa út nýjar leiðbeiningar um árlega skýrslu tryggingastærðfræðings líftryggingafélags til eftirlitsins þar sem tímabært væri að endurskoða áðurnefndar leiðbeiningar Váttryggingaeftirlitsins frá 1998.

Markmið Fjármálaeftirlitsins með því að gefa út leiðbeinandi tilmæli um skýrslur tryggingastærðfræðinga er eftirfarandi:

- Að fyrir liggja opinberar leiðbeiningar um hvernig skýrslugjöf tryggingastærðfræðinga skuli vera til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með líftryggingafélögum með viðunandi hætti.
- Að tryggja að neytendur geti treyst því að þessu mikilvæga hlutverki tryggingastærðfræðinga sé sinnt á fullnægjandi hátt.
- Að tryggja að Fjármálaeftirlitið fái þær upplýsingar sem lögð er áhersla á í úttekt eftirlitsins á iðgjaldagrundvelli líftrygginga frá 16. apríl 2007.

II. Hlutverk tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga

Tryggingastærðfræðingum líftryggingafélaga er falið mikilvægt hlutverk í lögum um váttryggingastarfsemi. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi skal líftryggingafélag tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, eða sérfræðings með sambærilega þekkingu, sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega útreikninga og athuganir fyrir félagið.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags skal reikna út váttryggingaskuld (líftryggingaskuld) félagsins. Hann skal fylgjast með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga. Sama gildir um sjúkra- og heilsutryggingar sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að líftryggingafélag, sem hann starfar fyrir, fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur krafist tryggingastærðfræðing líftryggingafélags um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með iðgjaldagrundvelli, líftryggingaskuld og fjárhagsstöðu líftryggingafélags.

III. Meginatriði varðandi skýrslu tryggingastærðfræðings líftryggingafélags

1. Í skýrslunni skal gera grein fyrir niðurstöðum tryggingastærðfræðings fyrir síðastliðið reikningsár.
2. Í skýrslunni skal gera grein fyrir mati tryggingastærðfræðings á líftryggingaskuldinni.
3. Ef meira en 10% líftryggingaskuldarinnar svarar til skuldbindinga sem ná lengra en til 3ja ára skal skýrslan innihalda áhættumat tryggingastærðfræðings á þeim fjárfestingum sem mæta eiga váttryggingaskuldbindingum félagsins.
4. Skýrslan skal innihalda mat á reiknigrundvelli félagsins og samanburð á einstaka forsendum við reynslu.
5. Fjalla skal um reglur um ágóðaúthlutun og endurkaupsverð ef við á.
6. Veita skal upplýsingar um áhrif brottfalls á mat iðgjalda.
7. Eftirfarandi reglubundnar skýrslur líftryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins má nota til stuðnings skýrslu tryggingastærðfræðings:
 - Skýrsla um líftryggingastofn veitir upplýsingar um þróun stofnsins á síðasta reikningsári og upplýsingar um samsetningu stofns eftir aldri líftryggingataka og aldri samninga.
 - Skýrslur um endurtryggingavernd veita upplýsingar um endurtryggingavernd félagsins.
 - Skýrsla um sundurliðun váttrygginga veitir upplýsingar um rekstur einstakra váttryggingagreina (s.s. iðgjöld, bætur, rekstrarkostnað og hagnað).

IV. Greinaskipting

8. Tryggingastærðfræðingur skal í skýrslu sinni gera grein fyrir mati á einstökum liðum í líftryggingaskuld ásamt álagi sem innifalið er í þeim.

9. Líftryggingaskuld skal skiptast í greinar á þann hátt sem tryggingastærðfræðingur telur henta best við útreikning.
10. Sé greinaskipting tryggingastærðfræðings frábrugðin skiptingu Fjármálaeftirlitsins á eyðublaði þess um sundurliðun váttryggingagreina, skal gera grein fyrir ástæðum þess.

V. Upplýsingar um einstakar greinar

11. Eftirfarandi upplýsingar eiga við um allar greinar líftrygginga og heilsutrygginga.

VI. Ágóðaúthlutun og afslættir

12. Í 2. mgr. 25. gr. laga um váttryggingastarfsemi segir að reglur um ágóðaúthlutdeild skuli vera skýrar og nákvæmar og tryggja en sanngjarnar í garð líftryggingataka og réttþafa.
13. Sé til staðar hjá félaginu sérstök reikniregla ágóðaúthlutunar skal gera grein fyrir hvernig henni var fylgt á reikningsárinu og áhrifum hennar á starfsemi félagsins.
14. Ekki má líta á afslátt af iðgjaldi sem ágóðaúthlutun í skilningi laganna, nema til staðar séu skýrar reglur um við hvaða aðstæður afsláttur er veittur, og afslátturinn nýtist öllum líftryggingatökum með sama hætti.
15. Í skýrslu tryggingastærðfræðings skal koma fram heildarfjárhæð afsláttar af iðgjaldi sem veittur er vegna þess að líftryggingataki er með aðrar váttryggingar í skaðatryggingafélögum í samstæðu líftryggingafélagsins.

VII. Brottfall

Ekki í gildi

16. Gera skal grein fyrir áhrifum brottfalls á afkomu greinarinnar.
17. Hafi félagið sett sér markmið um takmörkun brottfalls og því ekki verið náð skal gera grein fyrir áhrifum þess á mat á iðgjöldum.

VIII. Endurkaupsverð

18. Endurkaupsverð er virði þeirrar fjárhæðar sem líftryggingartaki á rétt á við uppsögn samnings. Endurkaupsverð á einkum við í söfnunarlíftryggingum þar sem félag getur haldið eftir hluta sparnaðar upp í útlagðan kostnað.
19. Gera skal grein fyrir útgreiddu endurkaupsverði á síðasta reikningsári og hlutfalli þess af samanlögðu heildarendurkaupsvirði allra samninga þar sem það á við.

IX. Sölu kostnaður

20. Líftryggingar og heilsutryggingar fela í mörgum tilvikum í sér fyrirhöfn við sölu, sem leiðir til að sölu kostnaður getur verið stór þáttur í rekstrarreikningi líftryggingafélaga.
21. Forsendur um sölu kostnað er hluti af iðgjaldagrundvelli líftryggingafélaga.
22. Í skýrslu tryggingastærðfræðings skal bera saman forsendur um sölu kostnað í iðgjaldagrundvelli við raunverulegan sölu kostnað.

X. Breytingar á iðgjaldagrunni

23. Gera skal grein fyrir í hvaða greinum iðgjaldagrunnur hefur breyst á árinu og í hverju breytingarnar felast.

24. Vátryggingafélagið ber ábyrgð á að senda allar breytingar á iðgjaldagrunni jafnóðum rafrænt í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins, að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings.

Sérstakar upplýsingar vegna líftrygginga

XI. Iðgjaldagrunnur dánaráhættulíftrygginga

25. Gera skal grein fyrir hvaða dánarlíkur eru notaðar í iðgjaldagrunni.

XII. Samanburður á raunverulegri þróun dauðsfalla við dánarlíkur félagsins

26. Gera skal grein fyrir samanburði á raunverulegri þróun dauðsfalla í líftryggingastofni við forsendur félagsins um dánarlíkur.

Sérstakar upplýsingar vegna heilsutrygginga

XIII. Iðgjaldagrunnur

27. Gera skal grein fyrir hvaða sjúkdómslíkur eru notaðar í iðgjaldagrunni

XIV. Samanburður á raunverulegri þróun fjölda útgreiðslna við sjúkdómslíkur félagsins

28. Gera skal grein fyrir samanburði á raunverulegri þróun fjölda útgreiðslna í stofni við forsendur félagsins um sjúkdómslíkur.

XV. Gildistaka

29. Tilmælin taka nú þegar gildi og eiga við um skýrslur tryggingastærðfræðinga frá og með reikningsárinu 2008.

Fjármálaeftirlitið
Reykjavík, 2. apríl 2009